

NaNO Fréttabréf – Mars 2014

Hvað höfum við gert í febrúar?

Tvennar menntabúðir voru haldnar í febrúar. Annars vegar um verklega eðlisfræði 12. feb. sl. í Menntaskólanum í Hamrahlíð þar sem þátttakendur voru 14 kennarar á unglinga- og framhaldsskólastigi. Hins vegar menntabúðir í umsjá Hafdísar Ragnarsdóttur og Margrétar Júlíu Rafnsdóttur um *Lífheiminn* þann 6. feb. sl. í Snælandsskóla þar sem þátttakendur voru 15 kennarar á unglingastigi. Afrakstur menntabúða um [verklega eðlisfræði má sjá hér](#) og [myndir hér](#). Afrakstur menntabúða um [Lífheiminn má sjá hér](#) og [myndir hér](#).

Beiðni barst frá kennara á Suðurlandi um að komast í samráð við aðra kennara á svæðinu. Í framhaldi af því var haldinn samráðsfundur í Vallaskóla á Selfossi 20. febrúar. Alls mættu 18 kennarar úr 13 grunn- og framhaldsskólum á svæðinu. Þátttakendur komu frá Flúðum, Vestmannaeyjum, Vík, Þorlákshöfn og víðar af Suðurlandi. Berlega kom í ljós að mikil þörf er á að kennarar fái tækifæri á að hittast og ræða saman. Ákveðið var að efna til menntabúða á Suðurlandi um nokkur þemu nú á næstu vikum og mánuðum. [Myndir frá fundinum má sjá hér](#).

NaNO hópurinn sendi inn tillögur um erindi á ráðstefnu NFSUN í Helsinki 4. – 6. júní nk. Erindin snúast um rannsóknir á endurmenntun kennara. Beðið er svars hvort erindin verði samþykkt.

Náttúruvísindi á 21. öld. Lotum um hafið og loftslagsverkfræði er nýlokið. Konráð Þórisson frá Hafrannsóknastofnun var með erindi um hafið. Viku síðar heimsóttum við Konráð í Hafró þar sem rætt var við vísindamenn um rannsóknir á hafinu og lífríki þess auk þess sem við fengum að sjá rannsóknir á síld. Í lotunni um loftslagsverkfræði fengum við erindi frá Presti Þorsteinssyni við líf- og umhverfisvísindadeild HÍ og Sigurði R. Gíslasyni frá Jarðvísindastofnun HÍ. Viku síðar heimsóttum við Ingva Gunnarsson sérfræðing í jarðefnarannsóknum hjá Orkuveitu Reykjavíkur í Hellisheiðarvirkjun þar sem CarbFix og SulFix verkefni voru kynnt fyrir okkur. [Myndir úr heimsóknum lotanna má sjá hér](#). Þriðja og síðasta skipti lotanna beggja var vinnustofa þar sem farið var yfir viðfangsefnið og undirbúningur að kennsluefnagerð hafin. Það var annars vegar gert með hugtakakortum og hins vegar með skoðanalínu (e. opinion line). Í báðum skiptum mynduðust líflegar umræður og var virkni þátttakenda mikil. Nú er hafin vinna þátttakenda að kennsluefni/kennsluleiðbeiningum um viðfangsefnið.

Sótt var um í Kennslumálasjóð HÍ vegna áframhaldandi þróunar á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld*. Beðið er svars.

Sótt var um í Sprotasjóð vegna tilboðs um samstarf og starfsþróun náttúrufræðikennara á Suðurlandi og og fyrirhugaðs tilboðs á Vesturlandi. Beðið er svars.

Hvað er framundan?

Menntabúðir, mánaðarleg jafningjafræðsla meðal kennara. Menntabúðir eru nú að auki hafnar meðal náttúrufræðikennara á Suðurlandi. Menntabúðir í mars verða þrennar, miðvikudag 5. mars um spurninguna *Hvað skal kenna í grunnskóla?* í Menntaskólanum að Laugarvatni, fimmtudaginn 13. mars um *hvað virkar í verklegri efnafræðikennslu* í Austurbæjarskóla og fimmtudaginn 20. mars um *loftslagsbreytingar* í Melaskóla. Sjá á menntabudir.natturutorg.is.

Vinna að *hugmyndabanka* fyrir kennara. Í bankanum verði að finna einföld verkefni sem kennarar geta nælt sér í, kennsluhugmyndir o.fl. Markmið með bankanum er m.a. að kennarar geti leitað í hugmyndir á íslensku. Áhersla verði lögð á náttúruvísindi 21. aldar. Bankinn verði hluti af Náttúrutorgi.

Náttúruvísindi á 21. öld / Science in the 21st century. Nú eru nýhafnar lotur um vistheimt annars vegar og rusl í framtíðinni hins vegar.

Vinna að þróun og skipulagningu námskeiðapakka sem hægt verður að bjóða grunn- og framhaldsskólum.

Vinna að uppbyggingu samstarfs við aðila innan og utan HÍ um eflingu náttúrufræðimenntunar í grunn- og framhaldsskólum. Þar má nefna GERT, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Félag íslenskra kennara í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt (FÍKNF) og mennta- og menningarmálaráðneyti.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld